

1. kafli

Menningarlegur margbreytileiki

JÁ NEI

Nokkrar spurningar:

- | | | |
|--|--------------------------|--------------------------|
| 1. Finnst þér allir í þínu landi hafa sömu tækifæri til þess að eiga gott líf? | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> |
| 2. Hafa allir í landinu sömu tækifæri til þess að komast í draumastarfið sitt einn daginn? | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> |
| 3. Finnst þér vera fordómar gegn innflytjendum í landinu? | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> |
| 4. Passar þú þig á því að dæma ekki fólk fyrir fram? | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> |
| 5. Átt þú auðvelt með að setja þig í spor annarra? | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> |
| 6. _____ | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> |
| 7. _____ | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> |
| 8. _____ | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> |

Þú – Hvað getur þú gert?

- Komið fram við alla af virðingu og lagt þig sérstaklega fram við að koma vinsamlega fram við nýja nemendur í skólanum
- Látið kennara eða foreldra þína vita ef þú veist að það er komið illa fram við einhvern í skólanum
- Kynnt þér menningu annarra landa með opnum huga og gætt þess að falla ekki í þá gryfju að halda að þín menning sé betri en menning annarra

Skólinn – Hvað getur skólinn gert?

- Tekið vel á móti nemendum og starfsfólki frá öðrum löndum og veitt þeim nægan stuðning svo þeim líði vel í skólanum
- Frætt nemendur og starfsfólk um mikilvægi þess að vera meðvituð um sína eigin fordóma
- Haldið þemadaga þar sem menning annarra landa er kynnt fyrir nemendum

Stjórnvöld – Hvað geta stjórnvöld gert?

- Ríki og sveitarfélög geta tekið á móti fólki frá ólíkum menningarheimum og auðveldað þeim að taka þátt í samfélaginu
- Stjórnvöld geta séð til þess að allar mikilvægar upplýsingar séu aðgengilegar á öðrum tungumálum en íslensku
- Staðið fyrir fræðslu um menningarlegan margbreytileika